



## Stofnanasamningur í Flensborgarskólanum Kí félagar Endurskoðun júní 2010

### 1. Saga og bakgrunnur

Samningur þessi er gerður af samstarfsnefnd Flensborgarskólans og er milli skólans og fulltrúa Kí (FF/FS). Hann er gerður í kjölfar samnings milli samninganefndar ríkisins og Kí frá 18. mars 2005. Í markmiðum hans segir m.a. að:

*Meðal markmiða síðasta kjarasamnings framhaldsskólans var að styðja við endurskilgreiningu á störfum kennara og stjórnenda og að styrkja stjórnkerfi framhaldsskóla. Miklar breytingar á starfsumhverfi skóla og nýjar hugmyndir um hlutverk þeirra og starfsemi gerðu þá markmiðssetningu nauðsynlega...*

*Samningsaðilar og ráðuneyti menntamála eru sammála um að í nýjum kjarasamningi framhaldsskóla sé mikilvægt að halda áfram á sömu braut uppbyggingar innra starfs með megináherslu á að bæta nám og kennslu.*

*Samningnum er... m.a. ætlað að styðja við áherslur menntamálaráðuneytisins á sjálfsmat skóla,...*

*Samningsaðilar ætla að stofnanir öðlist aukna möguleika til að haga starfsmannahaldi sínu á þann veg sem styður þessi markmið. Í þeim tilgangi er reynt að tryggja þann sveigjanleika sem þeim er nauðsynlegur með því að draga enn úr takmörkunum í miðlægum kjarasamningum...*

*Almennt markmið aðila er að kjarasamningarnir styðji við framsækna starfsmannastefnu einstakra stofnana. Í því skyni eru gerðar breytingar á uppbyggingu launatöflu, m.a. til þess að auka gagnsæi og hlutlægni í launaákvörðunum. Fjölgað er þeim úrræðum sem stofnanir hafa til að umbuna starfsmönnum og bregðast við margbreytilegum aðstæðum með fleiri möguleikum til launasetningar, t.d. með því að gefa stofnunum kost á að árangurstengja hluta launanna...*

*Möguleikar á launaþróun umfram það sem samið er um í þessum samningi byggir á að hagræðing náist á stofnun að óbreyttum fjárheimildum.*

- 1.1. Samstarfsnefndin hefur lagt áherslu á að fylgja þessum markmiðum sem og þeim sem við bætast hér að neðan. Samstarfsnefndin er einnig sammála um að kapp verði lagt á að sníða vankanta af þessum samningi og finna lausnir á vanda þeirra sem kunna að vera á skjön við það kerfi sem hann byggir á. Þeirri endurskoðun verði lokið fyrir árslok 2010.
- 1.2. Samstarfsnefndin er einnig ásátt um að þetta er ekki verkefni sem lýkur með þessum samningi heldur áframhaldandi sameiginlegt verkefni skólans og starfsmanna hans.

### 2. Markmið:

- 2.1. Að tryggja stöðu skólans í fremstu röð með því að sjá til þess að laun og starfskjör starfsmanna hans séu sambærileg eða betri en í öðrum skólum sem og að þau séu samkeppnishæf við almennan vinnumarkað.
- 2.2. Að launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem skólanum er ætlað að sinna
- 2.3. Að launakerfið feli í sér möguleika til framgangs
- 2.4. Að launakerfið sé sveigjanlegt og gagnsætt og að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti
- 2.5. Að launakerfið tryggi starfsfólki gott og framsækið launaumhverfi

- 2.6. Að launakerfið tryggi áframhaldandi jafnrétti kynjanna sem og jafnrétti á öðrum sviðum
- 2.7. Beita árangurstengdu matskerfi til að umbuna starfsmönnum sem skila stofnuninni árangursríku starfi. Kerfið skal vera byggt á raunverulegum árangri sem er til hagsbóta fyrir afkomu stofnunarinnar og við miðlun þekkingar til allra er málið varðar.
- 2.8. Að launakerfið styðji sjálfsmatsaðferðir skólans og að þær nýtist við framgang og launaröðun.
- 2.9. Að launakerfið falli að skipuriti skólans sem og þeirri skilgreiningu starfa sem þar er viðhöfð. Þessi markmið ber að setja í samhengi við markmið, gildi og ætlunarverk skólans eins og þau birtast í skipuriti hans.

### 3. Gildissvið

Þessi stofnanasamningur nær til allra starfsmanna Flensborgarskólans sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

### 4. Launatafla og forsenda röðunar

- 4.1. Með röðun starfa í launaflokka er átt við lóðréttu röðun í launatöflu kjarasamnings.
- 4.2. Með álagsflokki (launaþrepum) m.t.t. persónu- eða tímabundinna þátta er átt við lárétta röðun einstaklinga í launatöflu kjarasamnings.
- 4.3. Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka og álagsflokka skal tekið tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðli starfs, ábyrgðar og umfangs.
- 4.4. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

### 5. Launaröðun

#### 5.1. Launaröðun byggist upp sem hér segir:

Starfsheiti	Menntun	Lfl.	Tilfni álags
Leiðbeinandi	BA/BS	4	
Leiðbeinandi	MA/MS	5	Doktorspróf eitt launaþrep
Kennari 1	BA/BS/Leyfisbr.	5	
Kennari 1	MA/MS/ Leyfisbr	6	Doktorspróf eitt launaþrep
Kennari 2	BA/BS/Leyfisbr	6	
Kennari 2	MA/MS/ Leyfisbr	7	Doktorspróf eitt launaþrep
Kennari 3	BA/BS/Leyfisbr	7	
Kennari 3	MA/MS/ Leyfisbr	8	Doktorspróf eitt launaþrep
Kennari 4	BA/BS/Leyfisbr	8	
Kennari 4	MA/MS/ Leyfisbr	9	Doktorspróf eitt launaþrep

#### 5.2. Útskýring á kafla 5.1.

- 5.2.1. **Leiðbeinandi** hefur viðurkennd lokapróf en ekki starfsréttindi. Viðurkennd lokapróf geta einnig verið meistarapróf, starfsréttindapróf eða sambærileg starfsréttindi sem nýtast í kennslu á sviði viðkomandi.
- 5.2.2. **Kennari 1** hefur viðurkennd lokapróf og leyfisbréf til kennslu á framhaldsskólastigi. Leyfisbréfið má vera bundið við kennslugrein. Viðurkennd lokapróf geta einnig verið meistarapróf, starfsréttindapróf eða sambærileg starfsréttindi sem nýtast í kennslu á sviði viðkomandi. Þessi kennari er byrjandi í kennslu, er án reynslu eða með minna en tveggja ára starfsferil. Honum eru að öllu jöfnu ekki falin verkefni skv. 5.2.3 eða 5.2.4.
- 5.2.3. **Kennari 2** hefur viðurkennd lokapróf og leyfisbréf til kennslu á framhaldsskólastigi. Leyfisbréfið má vera bundið við kennslugrein. Viðurkennd lokapróf geta einnig verið meistarapróf, starfsréttindapróf eða sambærileg starfsréttindi sem nýtast í kennslu á sviði viðkomandi. Þessi kennari hefur tveggja til fjögurra ára starfsreynslu og hefur m.a. almenna umsjón með nemendum, þekkingu á skólanámskrá, verklagsreglum og skipulagi skólans og hæfni til að miðla þeirri þekkingu til nemenda, foreldra og samstarfsmanna. Skipulagning á öllu sem viðkemur kennslu og námsmati er á hans sviði. Einnig stjórnun áfanga innan kennslugreina og samstarf innan fags við aðra skóla.

- 5.2.4. **Kennari 3** hefur viðurkennd lokapróf og leyfisbréf til kennslu á framhaldsskólastigi. Leyfisbréfið má vera bundið við kennslugrein. Viðurkennd lokapróf geta einnig verið meistarapróf, starfsréttindapróf eða sambærileg starfsréttindi sem nýtast í kennslu á sviði viðkomandi. Þessi kennari hefur sex ára reynslu eða meira og auk verkefna skv. 5.2.3 getur hann haft með höndum verkstjórn innan kennslugreinar s.s. fagstjórn, leitt vinnu við skólanámskrá, verkefnisstjórn, séð um leiðsögn með nýjum kennurum og önnur skilgreind verkefni tengd kennslu samkvæmt lögum og reglugerðum sem falla til innan skólans.
- 5.2.5. **Kennari 4** hefur viðurkennd lokapróf og leyfisbréf til kennslu á framhaldsskólastigi. Leyfisbréfið má vera bundið við kennslugrein. Viðurkennd lokapróf geta einnig verið meistarapróf, starfsréttindapróf eða sambærileg starfsréttindi sem nýtast í kennslu á sviði viðkomandi. Þessum kennara eru falin stærri stjórnunarverkefni s.s. sviðsstjórn og önnur sambærileg stjórnunarverkefni, verkefnastjórnun sem samkvæmt umfangi teljast að ígildi tveggja álagsflokka.
- 5.2.6. **Starfsreynsla** hækkar fólk um þrep lárétt í launatöflu. Heimilt er að safna slíkum hækkunum og kalla launaflokk ef þær standa á jafnri tölu.
- 5.2.7. **Verkefnastjórar** eins og þeir skilgreinast nú (og sambærileg verkefni sem búin verða til) raðast með aukaálagi og/eða aukaflokki og umsömdum tímafjölda skv. starfslýsingu.
- 5.2.8. **Sviðsstjórar** teljast ávallt kennari 4.
- 5.2.9. **Kennari 4** sem fer úr stjórnunarstarfi á rétt á tímabundnu álagi samkvæmt samkomulagi við skólameistara og má því kalla hann til ráðgjafarstarfa samkvæmt því.

### 5.3. Launaröðun annarra starfa er falla undir þennan samning

- 5.3.1. **Sérkennari** skal raðast einum flokki hærra en hann raðast sem kennari enda hafi hann full réttindi.
- 5.3.2. **Forstöðumaður starfsbrautar** raðast lægst í launaflokk 9 en ávallt að minnsta kosti einum launaflokki hærra en hann raðast sem sérkennari. Skólameistara er heimilt að gera samning við forstöðumann starfsbrautar um hærri röðun, byggða á samningi um menntun, skyldur og vinnutíma.
- 5.3.3. **Námsráðgjafi** raðast lægst í launaflokk 9 en ávallt að minnsta kosti einum flokki hærra en hann raðast sem kennari. Skólameistara er heimilt að gera samning við námsráðgjafa um hærri röðun, byggða á samningi um menntun, skyldur og vinnutíma.
- 5.3.4. **Áfangastjóri** raðast lægst í launaflokk 11 en ávallt að minnsta kosti einum flokki hærra en hann raðast sem kennari. Skólameistara er heimilt að gera samning við áfangastjóra um hærri röðun, byggða á samningi um menntun, skyldur og vinnutíma.
- 5.3.5. **Aðstoðarskólameistari** raðast lægst í launaflokk 14 en ávallt að minnsta kosti einum flokki hærra en hann raðast sem kennari. Skólameistara er heimilt að gera samning við aðstoðarskólameistara um hærri röðun, byggða á samningi um menntun, skyldur og vinnutíma.
- 5.3.6. **Mannauðsstjóri** raðast lægst í launaflokk 11 en ávallt að minnsta kosti einum flokki hærra en hann raðast sem kennari. Skólameistara er heimilt að gera samning við áfangastjóra um hærri röðun, byggða á samningi um menntun, skyldur og vinnutíma.

## 6. Persónu- og tímabundnir þættir

- 6.1. **Persónu- og tímabundnir þættir:** Heimilt er að meta persónu- og tímabundna þætti sem álag á launaflokka. Slíkt álag skal háð endurmati og skal starfsmaður sækja um slíkt mat hjá skólameistara hverju sinni Tímabundnir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars. Forsendur álagsþátta skulu endurskoðaðar við breytingar á starfssviði starfsmanna eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

**6.2. Persónubundnir þættir sem gera menn hæfari í starfi eru t.d.:** Viðbótarmenntun sem nýtist í starfi svo og starfsreynsla.. Undanfari launahækkunar á grundvelli persónubundinna þátta er að starfsmaður hafi sótt um og lagt fram gögn til stuðnings umsóknar til skólameistara.

6.2.1. Menntun: Með viðbótarmenntun sem getur leitt til álags er miðað við a.m.k. 15 eininga (30 ECTS) heildstætt nám eða annað álíka umfangsmikið nám starfsmanns sem telst verðmætt að hálfu skólans. Ekki er hægt að leggja fram gögn um nám sem er eldra en kjarasamningur frá 2001, enda sé þegar búið að taka tillit til þess í röðun. Hægt er að leggja umsókn til skólameistara svo oft sem verða vill en það er í hans valdi að ákvarða umslíka umsókn. Hægt er að leita umsagnar samstarfsnefndar.

6.2.2. Starfsreynsla: Við mat á starfsreynslu er tekið mið af starfstíma við stofnunina og starfsreynslu frá öðrum stofnunum sem sannarlega getur nýst í núverandi starfi. Miðað er við starfsaldur eftir kjarasamning frá 2001, enda er þegar búið að taka tillit til þess í röðun.

2 ára starfsreynsla gefur 2,5%

4 ára starfsreynsla gefur 2,5%

6 ára starfsreynsla gefur 2,5%

9 ára starfsreynsla gefur 2,5%

**6.3. Tímabundnir þættir sem koma til greina eru t.d.:** Viðbótarábyrgð og/eða álag vegna sérstakra verkefna. Hæfni, sérstakur árangur og/eða frammistaða.

6.3.1. Heimilt er að greiða fyrir vinnu með fatlaða nemendur í almennum kennslustundum, t.d. ef hún er byggð á framlögðum einstaklings-áætlunum og skýrslum. Greiða má fyrir þetta með sérstakri aukagreiðslu, launabætur eða launaflokki eftir eðli málsins.

6.3.2. Aðrir tímabundnir þættir geta verið: vegna erlendra heimsókna, móttöku nýnema, umsjónar með utanlandsferðum nemenda og/eða kennara, handleiðslu nýrra kennara, þróunarverkefna.

6.3.3. Heimilt er að semja um fleiri atriði ef samstarfsnefndin metur svo.

## **7. Hlutverk samstarfsnefndar**

7.1. Samstarfsnefnd annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi sbr. gr. 11.4. Þar skal og samið um röðun starfa.

## **8. Meðferð ágreiningsmála**

8.1. Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings til samstarfsnefndarinnar. Beina skal erindi til gagnaðila með skriflegum hætti. Gagnaðili skal koma á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður, en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefndin skal svara erindum innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á launasetningu eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðarmótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið.

## **9. Gildistími og endurskoðun**

9.1. Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. júní 2010 til samræmis við gildistíma núgildandi kjarasamnings milli samninganefndar ríkisins og KÍ frá xxxxxxxxxxxx. Stofnanasamningur skal endurskoðaður á tveggja ára fresti. Fulltrúar í samstarfsnefndinni geta þó óskað eftir endurskoðun stofnanasamningsins verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans. Sem dæmi um breytingar á forsendum má nefna breytingar á miðlægum kjarasamningi og breytingar á umfangi, hlutverki eða starfsemi stofnunar. Hvor aðili um sig getur kallað nefndina til starfa. Skal þá metið hvort forsendur hafi breyst þannig að ástæða sé til að gera breytingar á honum. Koma skal á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Fella skal þær breytingar sem gerðar eru hverju sinni inn í gildandi stofnanasamning og staðfesta hann þannig breyttan.

.Náist ekki samkomulag í nefndinni vegna endurskoðunar stofnanasamnings innan þriggja mánaða frá því að málið kemur til meðferðar á vettvangi hennar, getur hvor aðili um sig óskað

eftir því að sáttarnefnd fjármálaráðuneytis og KÍ fjalli um málið sbr. gr. 11.5 í kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og KÍ.

Hafnarfirði, ,

Fyrir hönd Flensborgarskólans,

Fyrir hönd starfsmanna  
Flensborgarskólans

---

---

---

---

---

---

## 10. Önnur gögn og bókanir

### A. Bókun samstarfsnefndar

**A.1. Samstarfsnefnd Flensborgarskólans, vegna KÍ (FF/FS), samþykkti eftirfarandi á fundi sínum 23. september:**

- A.2. Allir KÍ félagar hækki um c. 2,28% [þrep í launatöflu] frá og með 1. ágúst 2008.
- A.3. Mismunur sem nemur um 1,72% (4% skv. samningi KÍ að frádregnum c. 2,28%) greiðist sem tvær sjálfstæðar greiðslur 1. nóvember og 1. desember [samsvarar launahækkun upp á c. 1,72% frá 1. ágúst til 1. desember] og er reiknuð út frá heildarlaunum viðkomandi.
- A.4. Launahækkun þessi er afturvirk frá 1. ágúst 2008.
- A.5. Staða mála verður endurmetin í árslok m.v. að því endurmati sé lokið 15. janúar 2009.

### B. Gildistími og endurskoðun

- B.1. Stofnanasamningur þessi miðast við þær uppfærslur sem gerðar hafa verið skv. kjarasamningum frá maí 2006 til 30. apríl 2008 og með hliðsjón af samningi KÍ og ríkisins 16. júní 2008. Um frekari endurskoðun fer eftir ákvörðunum samstarfsnefndar og fyrri samningi.

Hafnarfirði, 12. nóvember 2008

### C. Bókun janúar 2010:

Samstarfsnefndin samþykkir að sérkennarar, sem þurfa að bæta við sig „þungum nemendum“, nemendum sem ekki geta verið einir ef forföll verða hjá kennurum, fái hálf klukkustund greidda aukreitis fyrir hvert skipti sem þess þarf við.

### D. Samkomulag júní 2010

#### 1) Saga og bakgrunnur

a) Samningur þessi er gerður af samstarfsnefnd Flensborgarskólans og er milli skólans og fulltrúa KÍ (FF/FS). Hér er um að ræða ramma um nýjar starfslýsingar sviðsstjóra, verkstjóra (áður fagstjóra) og annarra. Hann gildir að óbreyttu til 31. júlí 2011. Að öðru leyti standa eldri samningar frá 30. mars 2006 og október 2008. Að auki er bókun samstarfsnefndar frá september 2008 um ráðstöfun 4% launahækkunar frá 1. ágúst s.á. Samningur frá janúar 2010 er úr gildi fallinn.

#### 2) Starf sviðsstjóra er bundið við svið raungreina, samfélagsgreina og tungumála.

- a) Launakjör: tveir launaflokkar ofan á kennararöðun. Um er að ræða 35% starf í formi kennsluafsláttar (slíkt reiknast miðað við 24 kennslustunda skyldu sem 14-15 klst. á viku meðan á kennslu stendur).
- i) Hluti þessa vinnutíma flyst utan annar skv. nánara samkomulagi.
- b) Markmið starfs og helstu verkefni:

- i) Reglubundnir fundir stjórnenda og innbyrðis meðal sviðsstjóra.
  - ii) Undirbúa fundi með kennurum og starfsfólki í samráði við skólastjórnendur
  - iii) Vera tengiliður milli kennara/námssgreina og stjórnenda skólans og utanaðkomandi aðila eftir atvikum
  - iv) Aðstoða við ráðningar
  - v) Leiði úrvinnslu í annarlok, s.s. útskrift
  - vi) Leiði tilfallandi verk við upphaf annar
  - vii) Sinni verkstjórn þeirra greina sem hafa ekki fagstjóra
  - viii) Aðstoði við kennsluskiptingarvinnu
  - ix) Reglubundnir fundir með kennurum á sínu sviði
  - x) Stýri skýrslugerð á sínu sviði
  - xi) Aðstoði við sjálfsmatsvinnu á kennslu og námsárangri (námskönnun),
  - xii) Eftirlit með nýju námsframboði í samvinnu við áfangastjóra
  - xiii) Umsjón með þróunarstarfi í kennslumálum
  - xiv) Leiðbeina kennurum, samhæfa störf þeirra og hlutast til um samstarf þeirra á milli,
  - xv) Vinna með mannauðsstjóra við að setja nýja kennara inn í störf og aðstoða
  - xvi) Fundir utan skóla
  - xvii) Námskrárgerð er viðvarandi verkefni sviðsstjóra
  - xviii) Sjá um starfsmannasamtöl
- c) Ráðningarkjör:
- i) Sviðsstjóri er ráðinn til tveggja ára.
- d) Sérstakar heimildir:
- i) Sviðsstjóri hefur heimild til að beita sér í málefnum þeirra deilda sem eru undir hans forsjá.
  - ii) Sviðsstjóri hefur heimild til að panta námsefni á bókasafnið, útvega kennsluefni og námsgögn innan þeirra marka sem eðlileg teljast.
  - iii) Gert er ráð fyrir að hluti vinnu sviðsstjóra falli utan kennslutíma eftir nánara samkomulagi.
  - iv) Sviðsstjóri heldur dagbók um sína vinnu í samráði við skólameistara. Almennt er sviðsstjóri til taks vegna skipulags, kennsluskiptingar og upphafs annar, þó utan kennslutíma sé. Almennt hafi sviðsstjóri viðveru í skólanum skv. nánara samkomulagi.
  - v) Sviðsstjóri er yfirmaður þeirra sem á hans sviði eru. Hann hefur sér til aðstoðar verkstjóra yfir stærri hópum faga eða afmörkuðum faghópum eftir því sem nánar er skilgreint hverju sinni. Hann er verkstjóri annarra greina.
- 3) Fagstjórar stærri deilda
- i) Gera tillögur til sviðsstjóra að kennsluskiptingu innan síns fags
  - ii) Gæta að vali á námsefni, gerð bókalista og útvegum kennslugagna
  - iii) Stýra verkum við upphaf annar, s.s. vegna kennsluáætlana
  - iv) Vinna að annarlokum og samræma vinnu við prófagerð
  - v) Leiðbeina kennurum, samhæfa störf þeirra og hlutast til um samstarf þeirra á milli,
  - vi) Vinna að samfelli og samræmingu námsefnis í áföngum og þ.m.t. faglega stefnumótun
  - vii) Halda utan um námskrár umræðu faga
  - viii) Leiðbeina nýjum kennurum innan fagsins
  - ix) Eru faglegir tengill faghópa og sviðsstjóra
  - x) Safna efni í skýrslur faga
  - xi) Skipuleggja fagfundi eftir atvikum
  - xii) Taka þátt í sameiginlegum verkefnum annarra verkstjóra
  - xiii) Sækja fundi á vegum kennslugreina og fagfélaga eða sjá til að einhver gerir það
  - xiv) Sinna verðlaunamálum vegna útskriftar í samráði við sviðsstjóra
  - xv) Sér mál einstakra deilda
  - xvi) Sinna eftir atvikum og nánari samningum innkaupum vegna kennslu og búnaðar
- 4) Tillaga að skiptingu sem liggur til grundvallar er:

- a) Skipting fagstjóra á deildir:
- 📖 ÍþR 25 klukkustundir per önn
  - 📖 FJÖ 18 klst. p. önn
  - 📖 LKN 18 klst. p. önn
  - 📖 ÍSL 25 klst. p. önn
  - 📖 ENS 25 klst. p. önn
  - 📖 STÆ 25 klst. p. önn
  - 📖 Starfsbraut 18 klst. p. önn
- 📖 HMN verði sérverkefni undir stjórn fjarvistasstjóra

**5) Stofuumsjón**

Kennari getur fengið greiðslu fyrir umsjón með kennslustofu sem er sérútbúin. Um væri að ræða B101, H202, M106, M107, M207, M208, M301 og M302. Gerður verður samningur við hvern kennara um sig. Fyrir hverja stofu má greiða frá klukkustund á mánuði til klukkustundar á viku eftir útfærslu verkefna.

**6) Gildistími og endurskoðun**

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. ágúst 2010 til 31. júlí 2011. Um frekari endurskoðun fer eftir ákvörðunum samstarfsnefndar og fyrri samningi.

Samstarfsnefndin mun yfirfara launakjör og verkaskiptingu í lok haustannar 2010 og meta hvort rétt sé mælt.

Hafnarfirði, \_\_\_\_ júní 2010

Fyrir hönd Flensborgarskólans,

Fyrir hönd starfsmanna Flensborgarskólans

**Bókun frá fulltrúum KÍ dags. 7. júní 2010:**

Fulltrúar kennara í samstarfsnefnd lýsa áhyggjum sínum yfir því, að þær breytingar sem á að gera í stjórnunarstöðum skólans með að draga úr fagstjórn leiði til minni áherslu á fagkennslu í skólanum og þar með undirbúningi nemenda undir fagnám í háskóla.

Jóhann Guðjónsson fráfarandi formaður kennarafélags Flensborgar

Friðrik Olgeir Júlíusson trúnaðarmaður

Dósla – Hjördís Bergsdóttir trúnaðarmaður



## Viðauki 1 frá júní 2013.

Viðauki við stofnanasamning Flensborgarskólans við KÍ féлага frá október 2006 og með síðari breytingum.

Bókun 1.

Samstarfsnefnd Flensborgarskólans, vegna KÍ (FF/FS) er sammála um að allir félagsmenn innan Flensborgarskólans hækka um eitt launaþrep frá og með 1. febrúar 2013 og aftur um eitt launaþrep frá 1. ágúst 2013.

Á móti kemur að bókun A í gildandi stofnanasamningi er felld út og samstarfsnefndin er sammála um að með þessu samkomulagi hafi ákvæði bókunar A frá 1. ágúst 2008 verið að fullu verið gerð upp og felld inn í launaröðun starfsmanna. Ný launaröðun nær einnig til nýrra starfsmanna.

Bókun 2.

Samstarfsnefndin er sammála um að í kjölfar bókunar 1 sé nauðsynlegt að endurskoða greinar 5.1 og 5.2 um launaröðun kennara í gildandi stofnanasamningi. Fella beri út grein 5.1 sem fjallar um mismunandi flokka kennara og í stað greina 5.1 og 5.2 komi ný grein sem tiltaki launaröðun kennara við skólann. Endurskoðun og breytingar á launaröðun núverandi KÍ féлага samkvæmt nýrri launaröðun skal vera lokið fyrir 1. janúar 2014 og þá taki gildi breytingar á nýrri launaröðun einstakra kennara sem kunna að verða nauðsynlegar við þessa breytingu.

Fram til þess tíma gildi eftirfarandi röðun fyrir nýja KÍ féлага sem ráðnir eru inn haustið 2013.

	Grunnröðun					
	Flokkur	Þrep	2.ár	4.ár	6.ár	9.ár
Fagnám	5	4	5-5.	6-4.	6-5.	7-4.
BA/BS	6	3	6-4.	7-3.	7-4.	8-3.
M.Ped	6	4	6-5.	7-4.	7-5.	8-4.
MA/MS	7	3	7-4.	8-3.	8-4.	9-3.
Ph.D	8	3	8-4.	9-3.	9-4.	10-3.

Einstaklingur án kennsluréttinda raðast einum launaflokki neðar en hér að ofan.

Tvö starfsaldursþrep sameinast hér í 1 launaflokk

Inn í þessa röðun hefur verið tekið tillit til allra hækkana og breytinga sem hafa

orðið frá því að stofnanasamningurinn var fyrst gerður árið 2006.

Hafnarfirði 13. júní 2013